



Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti  
Síðumúli 24  
108 Reykjavík  
frn@frn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 10. nóvember 2022

**Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, (sérhæfð þekking), 205/2022**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, (sérhæfð þekking), mál nr. 205/2022, sem birt var í Samráðsgátt 27. október sl. Samtökin fagna frumvarpinu og áherslunum sem í því felast.

Rétt eins og segir í greinagerð frumvarpsins eru mikil vaxtataækifæri fyrir hendi í hugverkaiðnaði sem hefur fest sig í sessi sem fjórða útflutningsstoð Íslands. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar námu 195 milljörðum króna á síðasta ári. SI hafa ítrekað bent á að áframhaldandi vöxtur í hugverkaiðnaði er háður framboði af sérhæfðri þekkingu, reynslu og mannaúði. Samkeppni um hæft starfsfólk á milli landa er hörð og hefur aukist enn á síðustu árum af ýmsum ástæðum, svo sem vegna aukins hreyfanleika starfsfólks og aukinnar þarfar á sérhæfingu eftir því sem tækninni fleygir fram. Með frumvarpinu sem hér er til umræðu leitast stjórnvöld við að bregðast við skorti á sérfræðingum í hugverkaiðnaði og gera Ísland samkeppnishæfara í kapphlaupinu um þekkingu og sérhæfingu sem er afar jákvætt. Samtökin fagna því að stjórnvöld viðurkenni með þessum hætti viðvarandi og sívaxandi skort á mannaúði í hugverkaiðnaði hér á landi. Í greinagerð er vitnað til könnunar sem Samtök iðnaðarins gerðu meðal félagsmanna sinna sem leiddi í ljós að ef vaxtaáætlanir fyrirtækja eiga að ná fram að ganga þurfa þau að ráða allt að 9000 sérfræðinga á næstu fimm árum. Vegna þeirra hröðu tækniframfara sem eru að eiga sér stað í ýmsum greinum iðnaðar í dag hafa ekki allir sérfræðingar hjá hugverkafyrirtækjum formlega háskólamenntun að baki. Því er mikilvægt að veita Vinnumálastofnun heimild til þess að meta sérþekkingu út frá breiðari forsendum en 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga veitir í dag.

Samtökin telja það fyrirkomulag sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að dreginn verði upp listi yfir þau störf sem talinn er skortur á, vera góða nálgun. Þó er mikilvægt að hafa í huga að starfaflokkun ÍSTARF21 tekur ekki mið af atvinnumarkaði framtíðarinnar og nær í raun ekki utan um þann fjölbreytileika sem einkennir störf í hugverkaiðnaði í dag. Samtökin gerðu könnun á meðal félagsmanna sinna á vormánuðum 2022 til þess að gera tilraun til að áætla hvers konar störf um ræðir í dag og á næstu fimm árum en svörin voru með þeim hætti að erfitt er að hanna þröngan ramma. Því er mikilvægt að listinn verði leiðarvísir um tegund starfa og nýttur með tilliti til þarfa atvinnulífsins hverju sinni sem geta verið breytilegar frá einum tíma til annars.



**Samtökin leggja því til að Vinnumálastofnun verði heimilt að veita atvinnuleyfi vegna sérhæfðrar þekkingar sem jafna megi til starfa á listanum þrátt fyrir að starfsheitið sé ekki á starfalista ráðherra. Með því verði tryggt að ekki þurfa að hafna umsókn þegar samþykkt hennar sé í samræmi við markmið og tilgang heimildarinnar.** Slík tilvik geta komið upp til dæmis þar sem sérþekking hefur myndast á skömmum tíma, þar sem ekki var hægt að gera ráð fyrir sérþekkingu fyrirfram eða ef dregist hefur að uppfæra starfalista af einhverjum ástæðum.

Staðreyndin er sú að mörg þeirra starfa sem þörf er á að fylla í hugverkaiðnaði í dag hafa þróast á skömmum tíma, er til að mynda hvergi að finna í menntakerfinu, og því er vitund um þekkinguna ekki til staðar nema í litlu mæli á Íslandi og oft ekki hjá öðrum en fyrirtækjunum. Á sama tíma er þó nauðsynlegt að halda til haga að viðvarandi skortur er á mannauði til ýmissa starfa sem þó eru til í einhverjum mæli á Íslandi, til dæmis í tölvunarfræði eða forritun.. Stefna stjórnvalda hvað varðar erlenda sérfræðinga verður að ná utan um þetta tvennt.

Þá vilja samtökin leggja áherslu á nokkur atriði í tengslum við umsóknarferli um atvinnu- og dvalarleyfi handa erlendum sérfræðingum. Mikilvægt er að afgreiðslutími sé snarpur og ferlið sé skilvirkt. Í því umhverfi sem hugverkafyrirtæki starfa í, þar sem samkeppni um mannauð er með þeim hætti sem áður hefur verið lýst, er ótækt að bíða lengur en mánuð eftir svári um hvort sérfræðingur uppfylli skilyrði íslenskra laga um veitingu atvinnuleyfis. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun<sup>1</sup> hefur afgreiðslutími fyrir veitingu eða synjun á atvinnuleyfi almennt verið að meðaltali þrjár vikur síðan mælingar hófust 2018. Þá virðist atvinnuleyfum sérfræðinga, samkvæmt 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, aðeins synjað í tæplega 15% tilvika. Þetta eru jákvæðar fréttir en mikilvægt er að afgreiðslutími lengist ekki og að öll sérfræðileyfi undir 8. gr. verði afgreidd hratt og örugglega. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að skýrar upplýsingar liggi fyrir um nauðsynleg umsóknargögn auk þess sem jákvætt væri að allt ferlið, þ.e.a.s. umsókn um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt umsókn um skattfrádrátt fyrir erlenda sérfræðinga, færi fram heildstætt með einni stafrænni umsókn.

Þá styðja samtökin heilshugar þá breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að ekki sé fortakslaus krafa að fá umsögn stéttarfélags áður en atvinnuleyfi er veitt en tillagan er til þess fallin að stytta afgreiðslutíma umsókna. Laun sérfræðinga í hugverkaiðnaði eru yfir meðallaunum og réttindi og kjör þeirra afar samkeppnishæf, meðal annars vegna þess hversu hörð samkeppni ríkir um hæft starfsfólk.

Samtökin þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið og vonast til áframhaldandi góðs samtals um þetta málefni sem önnur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.

Virðingarfyllst,

Nanna Elísa Jakobsdóttir,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI

<sup>1</sup> Svar félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um atvinnuleyfi: <https://www.althingi.is/alttext/pdf/152/s/1470.pdf>